



## Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins

Í stofnunum Kópavogsbæjar er vanræksla, líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi eða annars konar óviðeigandi hegðun ekki liðið gagnvart börnum. Ef grunur vaknar um slíkt skulu stofnanir bregðast strax við og fylgja eftirfarandi verklagsreglum.

Í öllum tilfellum þarf að gæta þess að ferli máls sé skráð strax frá upphafi sjá [skráningarblað](#).

Ef mál er tilkynnt til barnaverndar skal nota sérstök eyðublöð sem finna má [hér](#).

### Þegar grunur leikur á að barn hafi verið beitt ofbeldi (gerandi óþekktur)\*

- Grunur kviknar um að barn hafi verið beitt ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar <https://www.kopavogur.is/is/ibuar/velferd/velferd-barna> eða öðrum starfsmanni hennar.
- Meti tengill aðstæður þannig að taka eigi málið í formlegt ferli með tilkynningu er skrifleg tilkynning send til barnaverndar. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu* frá Barnaverndarstofu [hér](#).
- Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila barns í viðtal samdægurs og upplýsir þá um tilkynninguna og næstu skref.

### Þegar grunur leikur á að forsjáraðili hafi beitt barn ofbeldi\*

- Grunur kviknar um að forsjáraðili hafi beitt barn ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu* frá Barnaverndarstofu [hér](#).

## **Pegar grunur leikur á að atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant sbr. 35. gr. barnaverndarlaga**

- Ef grunur vaknar eða ábending berst um að hegðun eða annað atferli starfsmanns gagnvart barni/börnum sé stórlega ábótavant skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar. Sjá nánar [verklag við könnun máls á grundvelli 35. gr. barnaverndarlaga](#).
- Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu. Stjórnandi stofnunar fylgir [Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni](#).
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu* frá Barnaverndarstofu [hér](#).

## **Pegar grunur leikur á að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi\***

- Grunur kviknar um að starfsmaður hafi beitt barn ofbeldi. Sá sem grunur vaknar hjá tilkynnir málið beint til stjórnanda stofnunar. Sé grunur um að stjórnandi sé gerandi í málinu þá leitar starfsmaður til yfirmanns á menntasviði.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila barns í viðtal samdægurs og upplýsir þá um atburðinn og næstu skref.
- Stjórnandi stofnunar hefur samráði við barnavernd um eftirfylgni með barninu.
- Stjórnandi stofnunar fylgir [Málsmeðferð gagnvart starfsmanni vegna gruns um brot gagnvart barni](#).

## **Pegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi**

- Starfsmaður sem fær vitneskju um að barn beiti annað barn ofbeldi skal grípa inn í málið samkvæmt innri verkferlum stofnunar. Ef ekki tekst að leysa úr málum eða ofbeldið er mjög alvarlegt skal tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

### **Pegar grunur leikur á að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi**

- Starfsmaður sem fær grun/vitneskju um að barn hafi beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi skal hann tilkynna það stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar. Meti tengill aðstæður þannig að ekki sé ástæða til tilkynningar að sinni, boðar stjórnandi stofnunar forsjáraðila í viðtal, sbr. lið a, hér að neðan, að öðrum kosti tekur barnavernd við máli, sjá lið b.
- Stjórnandi stofnunar boðar forsjáraðila beggja barna í viðtal samdægurs og hefur með sér þann starfsmann sem fékk gruninn/vitneskjuna. Forsjáraðilar eru boðaðir sitt í hvoru lagi.
- Sé mál tilkynnt til barnaverndar kannar nefndin málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd.

### **Pegar grunur leikur á að barn hafi beitt starfsmann ofbeldi**

- Starfsmaður sem verður fyrir ofbeldinu af hálfu barns upplýsir stjórnanda stofnunar.
- Ef stjórnanda stofnunar tekst ekki að stöðva ofbeldið, í samvinnu við forsjáraðila, leitar hann ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar.
- Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu* [hér](#).
- Stjórnandi stofnunar veitir starfsmanni aðstoð eftir þörfum

### **Pegar grunur leikur á vanrækslu**

- Þegar grunur er um vanrækslu skal sá sem grunur vaknar hjá tilkynna málið beint til stjórnanda stofnunar.
- Stjórnandi stofnunar leitar ráðgjafar um næstu viðbrögð hjá tengli barnaverndar eða öðrum starfsmanni hennar. Meti báðir aðilar aðstæður þannig að ekki sé ástæða til tilkynningar að sinni, boðar stjórnandi stofnunar forsjáraðila í viðtal með áherslu á úrbætur.
- Sé mál tilkynnt kannar barnavernd málið og sér um vinnslu þess. Stjórnandi stofnunar lætur forsjáraðila vita af tilkynningunni og einnig um upplýsingaskyldu gagnvart barnaverndarnefnd. Sjá nánar *verklagsreglur um tilkynningaskyldu frá Barnaverndarstofu* [hér](#).

## **Innri ferlar stofnana**

Hver stofnun skal hafa mótað innra verklag varðandi meðferð og eftirfylgni ofangreindra mála. Verklag skal unnið í samvinnu við viðkomandi deild menntasviðs og eftirfarandi atriði skulu höfð til hliðsjónar.

### Stofnanir:

- Ákveðið teymi innan stofnunar á að bera ábyrgð á velferð barns (t.d. nemendaverndarráð, áfalla- eða lausnateymi)
- Skrásetja öll mál og ferli þeirra
- Ætíð séu tveir starfsmenn á öllum fundum sem tengjast málum
- Áhersla á trúnaðarskyldu/þagmælsku starfsmanna
- Huga þarf að stuðningi við starfsmenn
- Aðkoma sálfræðinga og félagsráðgjafa

### Börn:

- Þjóða barni aðstoð sérfræðinga.
- Gæta að samskiptum eða samveru milli barna þegar grunnur leikur á að barn hafi beitt annað barn ofbeldi
- Tryggja ráðgjöf og stuðning við hópa barna þegar upp koma erfið mál

### Forsjáraðili

- Samskipti starfsfólks stofnana við forsjáraðila og stuðningur við þá

### Annað

- Ráðgjöf við stjórnendur frá menntasviði og öðrum aðilum
- Huga vel að eftirfylgni mála